

# Skóla-akur



Vefrit um skólamáll 4. tbl. 11. árg. 20. mars 2017

Myndir augnabliksins eru frá jógatíma á Tröllaborgum.



## Tónlistarskólinn - Suzuki útskriftartóneikar.

Mánudaginn kemur, 20. mars, kl. 16:30 verða Suzuki útskriftartóneikar í Hömrum í Hofi. Fjórir nemendur koma fram og taka á móti viðurkenningum fyrir að hafa lokið bókaáfangi, þeir eru:

Katla Sigurjónsdóttir fiðluleikari, sem hefur lokið bók 1.  
Júlíana Valborg Þórhallsdóttir fiðluleikari, sem hefur lokið bók 2.  
Tómas Óli Ingvarsson fiðluleikari, sem hefur lokið bók 2.  
Viktória Sól Hjartardóttir fiðluleikari, sem hefur lokið bók 2.

Allir velkomnir.

Í Suzukideild er kennt á fiðlu, víólu, selló, kontrabassa og pianó. Kennt er eftir hugmyndafræði japanska fiðluleikarans Shinichi Suzuki og eru kennarar deildarinnar sérstaklega menntaðir sem Suzukikennarar eða eru í slíku námi. Suzuki trúði því að tónlistarhæfileikar væru ekki meðfæddir, heldur ráðist hæfileikar af aðstæðum og umhverfi sem börn eru fædd í. Lögð er áhersla á að námið sé stundað í jákvæðu umhverfi og læra nemendur eftir eyra fyrstu árin. Námsbókum fylgja geisladiskar og er mjög mikilvægt að nemendur séu duglegir að hlusta á þá. Nótalestur er kynntur þegar við á. Foreldrar sækja alla tíma með börnum sínum fyrstu árin.

## Brekkuskóli gegn matarsóun.

Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá mörgum að umfjöllun um matarsóun hefur verið nokkuð áberandi upp á síðkastið og samkvæmt frétt af ruv.is þá er talið að hver Íslendingur hendi að meðaltali 23 kílóum af nýtilegum mat á ári, 39 kílóum af ónýtilegum mat, helli niður 22 kílóum af matarolíu og fitu og 199 kílóum af drykkjum. (Rannsókn Umhverfisstofnunar á matarsóun) Samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) fer þriðjungur þess matar sem keyptur er inn á heimili beint í ruslið eða um 1,3 milljónir tonna af mat á hverju ári í heiminum. Mat sem er sóað hefði mögulega getað brauðfætt marga auk þess sem hér er um soun á fjármunum að ræða og neikvæð umhverfisáhrif af því að framleiða mat sem fer svo til spillis. Það er augljóst að það fengist töluverður samfélagslegur, umhverfislegur og fjárhagslegur ávinningur af því að minnka matarsóun. Þó að málið sé flókið þá geta einfaldar breytingar á venjum okkar og rekstri fyrirtækja haft veruleg áhrif.

Nú á að fara af stað með verkefni gegn matarsóun og eru nemendur og starfsfólk hvatt til að henda minna af mat og stendur til að vigta lífrænt rusl frá hverjum árgangi fyrir sig og sjá hvaða árgangur stendur sig best. Þetta er hugsað í eina viku og í vikulokin er hugmyndin að verðlauna þann árgang sem stendur sig best með skúffukökku. Vonast er til að þetta tímabundna verkefni verði til þess að vekja alla til umhugsunar um matarsóun og hafi áhrif til lengri tíma.

## Eineltisverkefni 1. bekkjar í Oddeyrarskóla.

Að undanförmu hafa nemendur í 1. bekk Oddeyrarskóla verið að lesa og vinna með efni bókarinnar og myndarinnar *Litla lirfan ljóta* eftir Friðrik Erlingsson. Af þeirri fallegu sögu má læra margt, t.d. að dæma ekki aðra af útlitinu og að maður eigi ekki að leggja aðra í einelti. Krakkarnir í

1. bekk voru alveg með það á hreinu hver boðskapur sögunnar er.

Því þótti vel við hæfi að nota þetta tækifæri til að gefa börnunum í 1. bekk húfur frá skólanum sem þær Linda Óladóttir og Hafðís Bjarnadóttir, kennarar við skólann, prjónuðu af stakri snilld. Húfurnar eru allar ólíkar, í ólíkum litum og með ólík mynstur til marks um það að við erum öll ólík og hver og einn er einstakur. Á öllum húfunum stendur GEGN EINELTI. Fá þær Hafðís og Linda innilegar þakkir fyrir frábært framtak!

Um leið fengu nemendur bekkjarins afhent armbönd frá skólanum, eins og eldri nemendur hafa nú þegar fengið. Á armböndunum eru rituð einkunnarorð skólans, ÁBYRGÐ-VIRÐING-VINÁTTA og staðhæfingin „Ég legg ekki í einelti“. Nemendur eru hvattir til að bera armböndin til að minna sig og aðra á að viðhafa alltaf falleg samskipti.

Með þessu verkefni vonast kennarar til að krakkar í 1. bekk og allir aðrir nemendur skólans muni ávallt eftir að allir eru einstakir og að við virðum ólíka einstaklinga.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, [bindamaria@akureyri.is](mailto:bindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Góðgerðarvika á Kiðgili.

Síðasta vika var góðgerðarvika og voru mörg góðverk unnin í vikunni.

Sungið var fyrir yngri börnin á leikskólanum og höfðu allir mjög gaman af hvort sem það voru þeir sem sungu eða þeir sem hlustuðu.

Farið var á Lögmannshlíð að syngja fyrir eldra fólkið. Börnin sungu og síðan fengu þau að skoða kanínur í gegnum gluggann. Allir skemmtu sér konunglega.

Einnig var ákveðið að fara í Rauða krossinn með gömul föt. Komu börnin með föt að heiman sem þau fengu síðan að gefa í Rauða krossinn. Tekið var á móti börnunum og þau upplýst um hvernig ferlið er á fötunum sem þau voru að gefa og hvert þau fara líklega. Síðan fengum þau að sjá myndir frá fólki erlendis sem var í íslenskum fötum. Að lokum var farið inn í Rauða kross búðina.

Í tilefni af góðgerðarviku bjuggu börnin til kort og sömdu sögu, síðan var farið með strætú á skóladeildina og starfsfólkinu þar gefið kortið góða. Það var tekið vel á móti börnunum og boðið uppá vinber og þau sungu tvö lög.



## Þýskubíllinn í heimsókn í Glerárskóla.

Nemendur í 10. bekk fengu heimsókn í síðustu viku. Þýskubíllinn sem er á leið sinni um landið kom við í Glerárskóla.

Nemendur fengu að spreyta sig í þýsku, horfðu á skemmtilegt tónlistarmyndband, fræddust um merka staði í Þýskalandi og skoðuðu kort af landinu. Í lokin fengu nemendur þýska fánann að gjöf og gjafapoka.

Deutsch Mobil eða Þýskubíllinn er tungumálaherferð, með það markmið að kveikja áhuga íslenskra nemenda á þýsku máli og menningu og vekja athygli á því hve auðvelt það er fyrir Íslendinga að læra þýsku.

Tveir ungir þýskukennarar, Hanna Bedbur og Stefanie Meyer, aka VWTiguan-bíl að nokkrum grunnskólum landsins til að kynna heimaland sitt, Þýskaland, á skemmtilegan hátt. Markmið þessa átaks er að miðla aðlaðandi sýn á þýska tungumálið. Deutsch-Mobil - Þýskubíllinn - er samstarfsverkefni Þýska sendiráðsins, Goethe-stofnunarinnar í Kaupmannahöfn og Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins og með stuðningi frá Félagi þýzkukennara á Íslandi, DAAD (German Academic Exchange Service) og Heklu, Ormsson, Skeljungu, Frumherja og Icelandair Hotels. Þýska ER málið.



## Stóra upplestarkeppnin í Lundarskóla.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk fór fram fimmtudaginn 16. mars. Athöfnin fór vel fram og var hin virðulegasta. Keppendur stóðu sig afar vel og það var erfitt hlutverk fyrir dómnefnd að velja úr þessum góða hópi. Í dómnefnd sátu Gerður Jónsdóttir, Sigríður Angantýsdóttir og Jenný Gunnbjörnsdóttir. Dómnefndin valdi Matthildi Unu Valdemarsdóttur og Telmu Þorvaldsdóttur fulltrúa Lundarskóla 2017. Til vara er Sara Lind Sigursteinsdóttir. Í hléi spilaði Eysteinn Ísidór Ólafsson á pianó. Eftir að úrslit höfðu verið tilkynnt gæddu keppendur og gestir sér á skúffuköku sem nemendur í 7. bekk höfðu bakað.

